

Fréttabréf Gæðastjórnunarfélags Norðurlands

- maí 2017 -

Málþing um gæðamál í ferðaþjónustu.

Þann 11. maí var málþing um gæðamál í ferðaþjónustu, sem félagið stóð fyrir í Hofi í samstarfi við Ferðamálastofu, þar sem 6 erindi voru flutt af aðilum þvert yfir ferðaþjónustuna. Almenn ánægja var með málþingið og fróðlegt að hlusta á mismunandi túlkun á gæðamálum. Það er greinilegt að ferðaiðnaðurinn er farin að huga að gæðamálum, sum þeirra komin mjög langt en önnur rétt að hefja „ferðalagið“. Við viljum þakka öllum kærlega fyrir sem tóku þátt á þessum degi.

Aðalfundur

Þann 30. maí var haldinn aðalfundur félagsins á Múlabergi. Farið var yfir starfsárið og kosning nýrrar stjórnar fór fram. Úr stjórn ganga Hannes Garðason og Þóra Ýr Árnadóttir, í þeirra stað voru kosin Kristbjörg Góa Sigurðardóttir (ProMat) og Hulda Rafnsdóttir (Sjúkrahúsið á Akureyri). Við þökkum Hannesi og Þóru kærlega fyrir árið og bjóðum Góu og Huldu velkomnar í stjórn félagsins. Anna Blöndal (Raftákn) var kosin varamaður og nýju skoðunarmennirnir en þeir eru Hannes Garðarsson (Rafeyri) og Jón Sæmundsson (Sæplast)

Ný aðildarfélög

Tvö ný fyrirtæki hafa bæst við hópinn en þau eru Lamb-inn og Hvalaskoðun Akureyri ehf. Viljum við bjóða þeim velkomin í hópinn.

Sumarfrí

Fráfarandi stjórn Gæðastjórnunarfélag Norðurlands vill þakka öllum kærlega fyrir starfsárið og öllum þeim sem tóku þátt í þeim viðburðum sem félagið stóð fyrir. Nýkosin stjórn hlakkar til nýs starfsárs og er þegar farin að kasta fram hugmyndum um hvað eigi að gera á komandi mánuðum en fyrst ætlum við að njóta sumarsins og ætlum því í frí. Hlökkum til að byrja á fullum krafti aftur í haust með flottum viðburðum.

Hafðu samband

Við hvetjum þig til að hafa samband ef þú ert með hugmynd að atburði, ábendingu eða vilt koma einhverju á framfæri. Pósthólfíð okkar er gaedastjornun@gmail.com

Jafnframt bendum við á heimasíðu félagsins (<http://gaedastjornun.weebly.com/>) og Facebook síðuna Gæðastjórnunarfélag Norðurlands.

Bestu kveðjur frá stjórn Gæðastjórnunarfélags Norðurlands,

Egill í Mjólkursamsölunni, Fannberg Jensen í B. Jensen, Hannes á Rafeyri, Þóra Ýr í Ramma og Þórdís Huld í Becromal.